

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

682. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 14. febrúar 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við skólastjóra um fyrirhugað útboð skólaaksturs.
2. Fundagerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 28. janúar sl.
3. Erindi Guðmundar Jónssonar.
4. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Málefni Brunavarna Húnaþings vestra.
6. Starf íþróttá- og tómsfundafulltrúa.

Afgreiðslur:

1. Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri er mættur til viðræðna við byggðarráð um fyrirhugað útboð skólaaksturs í sveitarfélaginu. Farið var yfir einstök atriði er snerta útboðið. Byggðarráð samþykkir útboðsgögnin og felur skólastjóra auglýsingu útboðsins.
2. Fram lögð til kynningar fundagerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 28. janúar sl.
3. Fram lagt erindi Guðmundar Jónssonar þar sem hann óskar eftir tímabundinni breytingu á starfshlutfalli sínu við Bóka og skjalasafn Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir erindið og felur sveitarstjóra afgreiðslu þess.
4. Fram lagt bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem þess er óskað að sveitarfélög fari yfir og endurnýi umboð sem þau hafa veitt sambandinu (áður Launanevnd sveitarfélaga) til kjarasamningsgerðar. Byggðarráð staðfestir áður veitt umboð þ.m.t. v/ kjarasamningsgerðar við SFR.
5. Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir viðræðum sínum við fulltrúa Brunavarna Húnaþings vestra um kjaramál.
6. Formaður byggðarráðs kynnti hugmyndir að mögulegum breytingum á starfi íþróttá- og tómsfundafulltrúa.

Fundagerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:35

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.